

Kæri nemandi!

Ég minni hér með á að kennsla hefst **á morgun**, föstudaginn 7. janúar, samkvæmt stundatöflu. Til þess að skólastarfið gangi sem best legg ég áherslu á eftirfarandi:

- Gæta vel að **einstaklingsbundnum sóttvörnum**, svo sem handþvotti og sprittun nálægra snetiflata og gæta að fjarlægðarmörkum (1m).
- **Grímuskylda er í skólanum**, líka í kennslustundum, a.m.k. þessa fyrstu daga á önninni.
- Við búum áfram við **fjöldatakmarkanir í matsal** en þar mega samkvæmt nógildandi reglugerð **aldrei vera fleiri en 50**. Við hvetjum því nemendur okkar til að koma með nesti í skólann en í mötuneyti verður hægt að kaupa léttar matvörur, svo sem rúnstykki, salatbakka, ávexti og drykkjarvörur. Athugið þó að mötuneytið verður lokað **föstudaginn 7. janúar**.
- Gæta vel að **allri umgengni** bæði í stofum og opnum rýmum. Þannig getum við m.a. komið í veg fyrir útbreiðslu smita.

Allar þessar ráðstafanir eru í samræmi við nógildandi reglugerð um sóttvarnir í skólastarfi á framhaldsskólastigi. Athugið að **tilkynna þarf öll veikindi samdægurs í INNU** og setja þarf í **athugasemdir þau veikindi sem tengjast COVID-19**, hvort sem það er sóttkví eða einangrun.

Mikilvægt er að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði heima fyrir og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður Office pakkanum í gegnum heimasíðu skólans. Einnig á **lista yfir námsgögn í INNU**. Áfram verður hægt að **leigja skápa** í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á skrifstofa@flensborg.is.

Töflubreytingum lýkur á morgun en þær fara fram rafrænt í gegnum INNU, sjá leiðbeiningar á heimasíðu.

Að lokum bið ég þig um að **fylgjast vel með** tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans, því vegna heimsfaraldursins geta orðið skyndilegar breytingar á skólastarfi. Einnig að fylgjast vel með í náminu í INNU. Þannig hefst þetta allt saman, hægt og rólega.

Gangi þér vel á vorönninni 2022!

Bestu kveðjur,
Erla Sigríður Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði

